

Sp.

92. Fyrirspurn

[89. mál]

til fjármálaráðherra um skatta af Mjólkursamsölnni og rannsókn á verðmyndun blandaðra mjólkurdrykkja.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Er þess að vænta að fjármálaráðherra leggi fram á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum frá 23. júní 1936 um að Mjólkursamsalan í Reykjavík og SÍF skuli undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti, sbr. yfirlýsingu ráðherrans á Alþingi 26. apríl sl.?
2. Hefur fjármálaráðherra framfylgt yfirlýsingu sinni á Alþingi frá 26. apríl sl. um að hann telji sig „fyllilega einfæran um að annast innheimtu vörugjalds og söluskatts“ af Mjólkursamsölnni?
3. Hvenær má vænta þess að fjármálaráðherra kynni Alþingi niðurstöður nefndar sem falið var að „kanna nákvæmlega með hvaða hætti verðmyndun á kakómjólk, mangósopa og jóga á sér stað til þess að fá úr því skorið hvort verð á þessum vörum sé óeðlilega hátt“?